

Meistar

Það er enn þá meira en að eignast allan heiminn, sem fyrir lífinu liggur á jörðu hjer, svo vesalt sem það er ennþá. Í einhverri framtíð fær lífið hjer þátt í hinni æðstu veru, verður sjálf hin æðsta vera. Hin æðsta vera vill hefja oss upp til sín, breyta oss í sig, gefa oss sjálfa sig fullkomlega.



Að vísu er það alveg satt, þegar sagt er að dauðinn sje ekki endalok lífsins. Að vísu er það alveg satt, sem sagt hefir verið, að menn lífi þótt þeir deyí. Sjálfst lífið, sjálfst þetta ótrúlega skelfilega þegar illa tekst, en þegar vel tekst, ótrúlega fagra, sem vjer köllum líf, er þáttur í sköpun heimsins. Allir kraftar eru skyldir. Ein eru upptök þeirra allra.



Hversu birta mun á þessari jörð þegar það fer að skiljast, hvaða leið það er, sem vjer höfum verið á og hvert hin leiddin liggur, sem við blasir. Lífsins leið er leið vaxandi vits og afsl og fegurðar. Vaxandi fagnaðar. Því að þetta er hið sanna fagnaðarerindi. (Nýall III).